¹⁰Líka kölluð atvinnugreinasvæði eða atvinnuteknasvæði, sjá t.d. https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Atvinnutekjur/atvinnutekjur_2012-2020.pdf.

Tafla 2.4 Skipting spásvæða í hagsvæði og landshluta.

Lands- hluta- númer	Hag- svæða- númer	Hagsvæði
1	10	Reykjavíkurborg
	11	Kópavogsbær
	12	Seltjarnarnesbær
	13	Garðabær
	14	Hafnarfjarðarkaupstaður
	15	Mosfellsbær og Kjósarhreppur
2	20	Reykjanesbær
	21	Grindavíkurbær
	22	Sandgerðisbær, Garður og Vogar
3	30	Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit
	31	Borgarbyggð, Skorradalshreppur og Dalabyggð
	32	Snæfellsnes
4	40	Ísafjarðarbær
	41	Vestfirðir án Ísafjarðarbæjar
5	50	Húnavatnssýslur
	51	Skagafjarðarsýsla
6	60	Akureyrarbær
	61	Eyjafjörður án Akureyrarbæjar
	62	Þingeyjarsýslur
7	70	Múlaþing, Fljótsdalur og Vopnafjörður
	71	Fjarðabyggð
8	80	Skaftafellssýslur
	81	Vestmannaeyjabær
	82	Rangárvallasýsla
	83	Sveitarfélagið Árborg
	84	Árnessýsla án Árborgar, Hveragerðis og Ölfuss
	85	Hveragerðisbær og Ölfus

Fínasta svæðaskiptingin fer eftir sveitarfélagaskipan í byrjun spátímabilsins 1. janúar 2021 og eru sveitarfélagasvæðin talin upp í töflu 2.5 og sýnd á mynd 2.1(f).

Rétt er að taka fram að kenninöfn sem valin hafa verið á spásvæðin eiga að vera lýsandi og hjálpleg við að staðsetja viðkomandi svæði og samanstanda þau oft af heitum einkennandi bæja, sveitarfélaga eða sýslna. Fordast skal að taka þessi kenninöfn of bókstaflega en mynd 2.1 og tafla 2.5 gefa nokkuð skýra mynd af skipan spásvæðanna.

Tafla 2.5 Skipting spásvæða í sveitarfélög, hagsvæði, kjarnasvæði og landshluta.

Lands- hluta- númer	Kjarna- svæða- númer	Hag- svæða- númer	Sveitar- félags- númer	Sveitarfélag	
1	100	10	0000	Reykjavíkurborg	
			11	1000	Kópavogsbær
			12	1100	Seltjarnarnesbær
			13	1300	Garðabær
			14	1400	Hafnarfjarðarkaupstaður
			15	1604	Mosfellsbær
2	200	20	1606	Kjósarhreppur	
			2000	Reykjanesbær	
			21	2300	Grindavíkurbær
			22	2506	Sveitarfélagið Vogar
			2510	Suðurnesjabær	
3	300	30	3000	Akraneskaupstaður	
			3511	Hvalfjarðarsveit	
	301	31	3506	Skorradalshreppur	
			3609	Borgarbyggð	
			3811	Dalabyggð	
	302	32	3709	Grundarfjarðarbær	
			3710	Helgafellssveit	
			3711	Stykkishólmsbær	
			3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	
			3714	Snæfellsbær	
4	400	40	4200	Ísafjarðarbær	
			4100	Bolungarvíkurkaupstaður	
	401	41	4803	Súðavíkurhreppur	
			4604	Tálknafjarðarhreppur	
			4607	Vesturbyggð	
			4502	Reykhólahreppur	
	402		4901	Árneshreppur	
			4902	Kaldrananeshreppur	
			4911	Strandabyggð	
5	500	50	5508	Húnaþing vestra	
			5604	Blönduósbær	
	501	50	5609	Sveitarfélagið Skagaströnd	
			5611	Skagabyggð	
			5612	Húnavatnshreppur	
	502	51	5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	
5706			Akrahreppur		

Tafla 2.5 framhald. . .

Lands- hluta- númer	Kjarna- svæða- númer	Hag- svæða- númer	Sveitar- félags- númer	Sveitarfélag
6	601	60	6000	Akureyrarbær
			600	6250 Fjallabyggð
	602	61	6400	Dalvíkurbyggð
			6513	Eyjafjarðarsveit
			6515	Hörgársveit
			6601	Svalbarðsstrandarhreppur
			6602	Grýtubakkahreppur
	603	62	6607	Skútustaðahreppur
			6612	Þingeyjarsveit
	604	62	6100	Norðurþing
			6611	Tjörneshreppur
			6706	Svalbarðshreppur
6709			Langanesbyggð	
7	700	70	7400	Múlaþing
			7502	Vopnafjarðahreppur
	701	71	7505	Fljótsdalshreppur
			7300	Fjarðabyggð
			8401	Sveitarfélagið Hornafjörður
800	80	8508	Mýrdalshreppur	
		8509	Skaftárhreppur	
		8610	Ásahreppur	
		8613	Rangárþing eystra	
802	82	8614	Rangárþing ytra	
		8000	Vestmannaeyjabær	
8	801	81	8000	Vestmannaeyjabær
			8200	Sveitarfélagið Árborg
	803	84	8710	Hrunamannahreppur
			8719	Grímsnes- og Grafningshreppur
			8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
			8721	Bláskógabyggð
			8722	Flóahreppur
			8716	Hveragerðisbær
			8717	Sveitarfélagið Ölfus
			85	

3 Inntaksgögn

Öll inntaksgögn eru fengin frá Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands – félagsmálasvið, 2021). Um er að ræða árleg gögn fyrir fæðingar, dauðsföll, búferlaflutninga og mannfjölda og er þeim, eftir atvikum, frekar skipt upp eftir svæðum, kyni og aldri. Gögn fyrir fæðingar og dauðsföll ná aftur til ársins 1971 en búferlaflutningagögn ná aðeins aftur til ársins 1986.

Í þessum kafla verður nánar gerð grein fyrir inntaksgögnum en fyrir frekari lýsingu á meðhöndlun þeirra er vísað í fyrri skýrslu mannföldaspár Bygðastofnunar¹¹.

3.1 Frjósemishlutfall

Gögn fyrir fjölda lifandi fæddra eftir aldri móður frá árinu 1971 til 2020 voru sótt á vef Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands – félagsmálasvið, 2021). Aldur móður nær frá 15 til 49 ára og með safnhópum fyrir 14 ára og yngri og 50 ára og eldri. Frjósemishlutfall (e. *age-specific fertility rate*) er svo reiknað út frá þessum gögnum (Hreinsson 2018).

Kynjahlutfall við fæðingu er reiknað út frá gögnum um heildar fæðingar frá 1951 sem aðgengileg eru hjá Hagstofu Íslands. Í fyrri spám var kynjahlutfall sett sem 1,05 en nú er byggt á reiknuðu gildi samkvæmt ofansögðu sem er 1,0548.

3.2 Dánarhlutfall

Gögn fyrir dauðsföll eftir kyni og aldri yfir tímabilið frá 1971 til 2020 voru sótt á vef Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands – félagsmálasvið, 2021). Fyrir utan aldurshópinn frá 1 til 4 ára er gögnunum skipt upp eftir fimm ára aldurshópum frá 4. til 9. aldursárs allt til 90. til 94. aldursárs með safnhóp fyrir 95 ára og eldri og svo er sérstakur hópur fyrir dauðsföll á fyrsta ári.

Brúað er á milli aldursbila með þriðja stigs fjaðurbrúun (e. *cubic spline*) sem beitt er á uppsöfnuð dauðsföll eftir aldri (McNeil et al. 1977) samkvæmt aðferð Wilmoth et al. (2007, viðauki B). Eftir að brúað hefur verið á milli aldursbila er dánarhlutfall (e. *age-sex-specific central death rate*) svo reiknað (Hreinsson 2018).

3.3 Búferlaflutningar

Gögn fyrir búferlaflutninga á sveitarfélagagrunni eftir kyni og aldri yfir tímabilið frá 1986 til 2020 voru sér unnin af Hagstofu Íslands fyrir Bygðastofnun. Einnig voru búferlaflutningar eftir kyni og aldri fyrir landshluta yfir sama tímabil sóttir af vef Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands – félagsmálasvið, 2021).

Aldursskipting búferlaflutningagagna á sveitarfélagagrunni er gefin í tíu ára bilum frá 0 til 9 ára allt upp að árabílinu 50 til 59 ára með safnflokk fyrir 60 ára og eldri. Aldursskipting búferlaflutningagagna eftir landshlutum er hins vegar gefin fyrir hvert ár upp að 79 ára aldri en með safnflokk fyrir 80 ára og eldri.

¹¹<https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldaspa/mannfjoldaspabyggdastofnunar.pdf>.

Þessi gögn lýsa flutningi fólks milli mismunandi svæða innanlands annars vegar og flutningi fólks milli svæða innanlands og til og frá útlöndum hins vegar. Búferlaflutningar til og frá útlöndum voru ekki flokkaðir nánar eftir löndum eða álfum. Unnið er með flutningsjöfnuð (e. *net migration*) sem lýsir aðfluttum umfram brottflutta og því voru gögnin umskrifuð í einingu flutningsjöfnuðar. En áður en það var gert var brúað á milli aldursbila búferlaflutningagagna á sveitarfélagagrunni til að áætla, fyrir hvert aldursgildi, fjölda aðfluttra og brottfluttra (Hreinsson 2018).

3.4 Mannfjöldi

Gögn fyrir mannfjölda eftir kyni og aldri á sveitarfélagagrunni frá 1998 til 2021 ásamt mannfjölda og miðspá mannföldalíkans Hagstofu Íslands eftir kyni og aldri fyrir allt Ísland frá 1971 til 2070 voru sótt af vef Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands – félagsmálasvið, 2021). Gögn fyrir mannfjölda á sveitarfélagagrunni þann 1. janúar 2021 voru notuð sem upphafsskilyrði mannföldaspár Bygðastofnunar og gögn fyrir miðspá mannföldalíkans Hagstofu Íslands voru notuð til að skala mannföldaspá Bygðastofnunar eins og lýst er í viðauka A.

Til að áætla árlegan hlutfallslegan meðalvöxt fyrir mannfjölda spásvæða fyrir tímabilið frá 1992 til 2070 var notast við mannföldagögn á sveitarfélagagrunni fyrir 1. desember frá 1991 til 1996 (Hagstofa Íslands – félagsmálasvið, 2021) við hlutfallsútreikning árlegs meðalvaxtar frá 1992 til 1997.

Loks voru gögn fyrir mannfjölda alls Íslands notuð til að áætla fólksfjölda undir váhrifum (e. *population exposed to risk*) sem er skilgreint sem fólksfjöldi þann 30. júní og er nauðsynlegt til að reikna dánar- og frjósemishlutföll.


Þar sem aldursskipting inntaksgagna fyrir mannföldalíkan Bygðastofnunar er bundin við aldurinn frá 0 upp í 100⁺ ára var 100⁺ ára flokkurinn gerður að safnflokki fyrir mannfjölda í upphafi spátímabilsins 1. janúar 2021 og er sú aldursskipting notuð út spátímabilið.

4 Mannfjöldaspá

Í þessum kafla verður fjallað um spágildi mannfjöldalíkans Byggðastofnunar og rýnt í framtíðarhorfur frjósemishlutfalls, dánarhlutfalls, búferlafutninga og mannfjölda.


4.1 Frjósemishlutfall

Gögn fyrir frjósemishlutfall og spágildi þeirra, samkvæmt þeim aðferðum sem hér er



Þjálguð söguleg gögn eru grá og spágögn spanna frá rauðu, 2021, til fjólublás, 2069.

(a) Frjósemishlutfall eftir aldri móður – hver ferill er eitt ár.




Tímaraðir fyrir aldurinn 16, 20, 24, 28, 32, 36, 40 og 44 ára. Brotnar línur á spátímabili.

(b) Frjósemishlutfall eftir árum frá 1971 til 2069 fyrir nokkur aldursgildi.

Mynd 4.1 Ísland (1). Frjósemishlutfall eftir aldri og eftir árum fyrir nokkur aldursgildi.

beitt, sýna mjög greinilega breytingu á frjósemishlutfalli. Samkvæmt myndum 4.1(a) og 4.1(b) sést að á spátímabilinu munu konur halda áfram að seinka barneignum. Einnig sýnir mynd 4.2 að heildarfrjósemishlutfall, þ.e. meðalfjöldi barna á hverja konu, hefur ekki verið lægra en nú frá 1971 og spáin gerir ráð fyrir að heildarfrjósemishlutfallið muni lækka áfram út spátímabilið.

Miðað við fyrri mannfjöldaspár sýnir þessi spá enn lægra gildi í lok spátímabilsins, en það þýðir að hlutfall eldri aldurshópa hækkar enn frekar ef svo gengur eftir.




Punktalína sýnir söguleg gögn og heil lína líkan. Skyggt svæði sýnir 80% spábil frá 2021 til 2069.

Mynd 4.2 Ísland (1). Heildarfrjósemishlutfall eftir árum, þ.e. tímaröð fyrir meðalfjölda barna á hverja konu. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.


4.2 Dánarhlutfall

Spágildi dánarhlutfalls eftir aldri samkvæmt mynd 4.3 gefur til kynna lækkanði hlutfall fyrir alla aldurshópa undir níraðu. Dánarhlutfallið virðist líka lækka mest fyrir yngstu aldurshópana en minna með hækkandi aldri samkvæmt mynd 4.4. Áberandi er hvað dánarhlutfall stúlkna er lægra en drengja í kringum tvítugt og helst það þannig yfir spátímabilið.



Gráar línur sýna söguleg þjálguð gögn og spágögn eru lituð eftir tíma frá rauðu, 2021, til fjólublás, 2069.


(a) Dánarhlutfall kvenna.



Gráar línur sýna söguleg þjálguð gögn og spágögn eru lituð eftir tíma frá rauðu, 2021, til fjólublás, 2069.


(b) Dánarhlutfall karla.

Mynd 4.3 Ísland (1). Dánarhlutfall eftir aldri frá 1971 til 2069 fyrir aldurinn 0 til 100+ ára – hver ferill er eitt ár.



Tímaraðir fyrir aldurinn 0, 10, 20, 30, 40, 50, 60, 70, 80, 90 og 100 ára. Brotnar línur á spátímabili.

(a) Dánarhlutfall kvenna.




Tímaraðir fyrir aldurinn 0, 10, 20, 30, 40, 50, 60, 70, 80, 90 og 100 ára. Brotnar línur á spátímabili.

(b) Dánarhlutfall karla.

Mynd 4.4 Ísland (1). Dánarhlutfall eftir árum frá 1971 til 2069 fyrir nokkur aldursgildi.

Lífslengdarlíkur við fæðingu halda áfram að hækka samkvæmt mynd 4.5 fyrir bæði kyn en það dregur þó saman með konum og körlum á tímabilinu. Lífslengdarlíkur karla hækka aðeins hraðar þó það hægist á vaxtarhraða lífslengdarlíka beggja kynja yfir spátímabilið.



Skyggt svæði sýnir 80% spábil yfir spátímabilið 2021-2069.


Mynd 4.5 Ísland (1). Lífslengdarlíkur karla og kvenna frá 1971 til 2069. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.

4.3 Búferlaflutningar


Búferlaflutninga er mjög erfitt að spá fyrir um þar sem oft er lítil fylgni milli ára og mikill breytileiki. Engu að síður er oft hægt að sjá munstur hvað varðar búferlaflutninga milli svæða innanlands, sérstaklega fyrir stærri svæðin sem byggir á búferlaflutningum fleiri einstaklinga.

Til dæmis sýnir mynd 4.6 fram á tilhneingingu fólks til að flytja til höfuðborgarsvæðisins frá flestum landshlutum. Það er athyglisvert að rúm 64% þeirra sem flytja búferlum á höfuðborgarsvæðið eru á aldrinum 15 til 25 ára og þar af eru konur í meirihluta, 54%. Þetta er einnig tilfellið á spátímabilinu eins og sjá má á mynd 4.7 en þar er hlutfall 15 til 25 ára af þeim sem flytjast búferlum á höfuðborgarsvæðið orðið rúm 80% ef miðað er við meðaltal 10.000 slembiúrtaka. Þar af eru konur áfram í meirihluta, 57%.

Eins og lýst er í Hreinsson (2018) er farin sú leið að spá fyrir um búferlaflutninga stærri svæða fyrst og krefjast þess að heildar búferlaflutningar fyrir uppskiptingar þeirra í minni svæði sé varðveitt stærð. Þannig eru spágildi búferlaflutninga meginsvæða skalaðir svo að summa þeirra stemmi við landið allt. Á hliðstæðan hátt eru landshlutarnir meðhöndlaðir m.t.t. meginsvæða, kjarnasvæðin og hagsvæðin m.t.t. landshluta og sveitarfélögin m.t.t. hagsvæða (sjá skilgreiningar á spásvæðum í kafla 2).




(a) Öll aldursbil.




(b) Aldursbilið frá 15 til 25 ára.

Mynd 4.6 Meðaltal árlegra búferlaflutninga landshluta frá 1986 til 2020. Samanburður milli kvenna og karla.




(a) Öll aldursbil.



(b) Aldursbilið frá 15 til 25 ára.

Mynd 4.7 Meðaltal árlegra búferlaflutninga landshluta á spátímabili frá 2021 til 2069. Samanburður milli kvenna og karla. 80% spábil byggt á 10.000 slembiúrtökum sýnt sem óvissumörk.

Mynd 4.8 sýnir búferlafutninga fyrir Ísland frá 1986 til 2069 og er meðaltal ásamt 80% spábili¹² sýnt yfir spátímabilið. Eining búferlafutninga er flutningsjöfnuður, þ.e.



Mynd 4.8 Ísland (1). Heildar búferlafutningar frá 1986 til 2069. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.

aðfluttir umfram brottflutta, og tekur því neikvæð gildi ef fleiri flytja frá viðkomandi svæði en flytja til þess. Myndin sýnir fylki níu grafa sem gefa upplýsingar um kynjaskipta búferlafutninga innan- og utanlands ásamt heildar búferlafutningum og summu beggja

¹²10% og 90% hlutfallsmörk 10.000 slembiúrtaka.

kynja. Sjá má sams konar myndir fyrir búferlaflutninga allra spásvæða í viðaukum I til N.


Skölun búferlaflutninga, sem lýst er í viðauka B, hefur verið endurbætt frá fyrri mannfjöldaspá með því að krefjast þess að hluti leiðréttingar hvers svæðis sé í réttu hlutfalli við staðalfrávik 10.000 slembiúrtaka líkansins fyrir hvert aldursgildi frá 0 og upp í 100⁺ ára og fyrir hvert ár frá 2021 til 2069. Þannig taka spásvæði með meiri breytileika í búferlaflutningum á sig stærri skerf leiðréttingarinnar.

Í fyrri mannfjöldaspá (Hreinsson 2019) var farin sú leið að hafa leiðréttinguna í hlutfalli við mannfjölda í upphafi spátímabils sem var nálgun á þeim breytileika sem mátti búast við. En með því að reikna út staðalfrávikid fyrir hvert spáár og aldursgildi er tekið tillit til þróunar hlutfallslegs breytileika eftir því sem líður á spátímabilið.

Eins og gert var í fyrri spá (Hreinsson 2019) er leiðrétt fyrir búferlaflutningum erlendra farandverkamanna sem fluttust tímabundið til landsins í þeim eina tilgangi að vinna við stórar virkjanaframkvæmdir og fluttust frá landinu að þeim loknum. Leiðrétt var fyrir framkvæmdum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og orkuversins á Þeistareykjum og stækkunar Búrfellsvirkjunar. Allar þessar framkvæmdir höfðu greinileg skammtímaáhrif á búferlaflutninga áhrifasvæða og var sú leið valin að skipta út búferlaflutningum karla fyrir búferlaflutninga kvenna á framkvæmdatíma.

4.4 Undirþættir mannfjöldans

Undirþættir mannfjöldans eru búferlaflutningar, sem fjallað var um hér fyrir ofan, ásamt dauðsföllum og fæðingum. Summa þessara þriggja þátta yfir árið gefur heildar mannfjölda að árinu gengnu. Mynd 4.9 sýnir dauðsföll, fæðingar og náttúrulega fjölgun, sem



Mynd 4.9 Ísland (1). Fæðingar, dauðsföll og náttúruleg fjölgun frá 1971 til 2069 og árlegur meðalvöxtur fólksfjölda frá 1986 til 2069. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.

er summa fæðinga að frádrögnum dauðsföllum án þess að bæta búferlaflutningum við. Hér eru sýndir tvenns konar líkanakeyrslur fyrir náttúrulega fjölgun. Annars vegar er

sýnd náttúruleg fjölgun þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum búferlaflutningum¹³ og hins vegar þar sem búferlaflutningar eru hafðir með við keyrslu líkansins.

Þegar náttúruleg fjölgun er neikvæð fæðast færri en deyja og við það fer fólki að fækka komi ekki til aðflutningur fólks. Ef til þess kemur að náttúruleg fjölgun verði neikvæð er ártalið merkt inn á gröfin þegar það gerist í fyrsta skipti á tímabilinu.

Einnig er teiknaður upp árlegur meðalvöxtur mannfjölda 5 ára tímabila sundurgreindur í náttúrulega fjölgun annars vegar og búferlaflutninga eða fólksflutninga hins vegar. Sjá má myndir fyrir önnur spásvæði í viðaukum I til N. Við útreikning á árlegum meðalvexti mannfjölda var notast við mannfjölda 1. desember frá 1991 til 1996 fyrir árin 1992 til 1997 en mannfjölda þann 1. janúar frá og með árinu 1998. Á spátímabilinu eru gildi fyrir 10% og 90% hlutfallsmörk einnig sýnd með súlum sitt hvoru megin við meðaltalssúlur 10.000 slembiúrtaka.

4.5 Mannfjöldi

Þó að ekkert sé því til fyrirstöðu að nota mannfjöldalíkan Byggðastofnunar til grundvallar fyrir mannfjöldaspá stærri og minni svæða á Íslandi hefur sú leið verið valin að leggja frekar opinbera miðspá mannfjöldalíkans Hagstofu Íslands fyrir allt landið til grundvallar. Mannfjöldaspá Byggðastofnunar fyrir minni svæði á Íslandi er því sköluð við miðspá Hagstofu Íslands til að tryggja að heildarmannfjöldi minni svæða jafnist á við spá Hagstofu Íslands. Aðferðinni sem notuð er við skölnuna er lýst í viðauka A. Mannfjöldaspár Byggðastofnunar og Hagstofu Íslands fyrir allt Ísland eru bornar saman í kaffa 5.


Það sem aðgreinir mismunandi spásvæði mannfjöldalíkans Byggðastofnunar eru búferlaflutningar annars vegar og upphafsskilyrði gefin með aldursdreifingu mannfjöldans í upphafi spátímabilsins hins vegar. Sömu dánar- og frjósemishlutföll eru notuð fyrir öll spásvæðin.

Heilt yfir eru áberandi búferlaflutningar ungs fólks um tvítugt utan af landi á höfuðborgarsvæðið þar sem konur eru í meirihluta (sjá mynd 4.7). Þetta fólk virðist ekki skila sér mikið til baka. Þetta veldur því að það fækkar í árgöngum ungs fólks á landsbyggðunum sem aftur dregur úr barnsfæðingum síðar meir. Að sama skapi fjölga í árgöngum ungs fólks á höfuðborgarsvæðinu sem stuðlar að auknum barnsfæðingum þar þegar fram í sækir. Þetta, ásamt lækkingu frjósemishlutfalli með tilheyrandi hækkandi meðalaldri, virðast vera stóru línurnar í mannfjöldapróun á Íslandi samkvæmt mannfjöldalíkani Byggðastofnunar. Afleiðingarnar eru þær að fólki heldur áfram að fjölga á höfuðborgarsvæðinu á kostnað landsbyggðanna þar sem fólksfækkun er víða viðvarandi.

Mynd 4.10 sýnir mannfjöldapíramída fyrir árið 2030 samkvæmt mannfjöldaspá Byggðastofnunar sem hefur verið sköluð við miðspá Hagstofu Íslands. Myndin sýnir meðaltal 10.000 slembiúrtaka mannfjölda greint eftir kyni og aldri ásamt 80% spábili og upphafsskilyrðum. Mynd 4.11 sýnir mannfjölda hvers árs greindan eftir kyni þar sem meðaltal ásamt 80% spábili er sýnt yfir spátímabilið frá 2022 til 2070.


Sjá má sams konar myndir fyrir mannfjöldapróun allra spásvæða í viðaukum C til H.

¹³Búferlaflutningar er settir sem 0 yfir spátímabilið.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2021.

Mynd 4.10 Ísland (1). Mannfjöldapíramídi ársins 2030. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.

Mynd 4.11 Ísland (1). Heildarfjöldi karla og kvenna frá 1971 til 2070 – gráar þverlínur sýndar fyrir árin 2021 og 2030. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.

5 Samanburður við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands

Hagstofa Íslands gefur út mannfjöldaspá með þremur mismunandi forsendum sem nefnast *lágspá*, *miðspá* og *háspá* (Hagstofa Íslands – Félagsmálasvið - Mannfjöldaspá 2021). Mannfjöldalíkan Byggðastofnunar er hins vegar slembilíkan sem byggir á 10.000 slembiúr-tökum sem gefur meðaltal ásamt 80% spábili. Sjá má samanburð þessara mannfjöldaspáa í töflu 5.1 fyrir gildi nokkurra þátta í lok spátímabilsins.

Tafla 5.1 Samanburður á mannfjöldaspá Hagstofu Íslands og Byggðastofnunar í lok spátímabils.


Samanburðarbreytur	Hagstofa Íslands			Byggðastofnun		
	Lágspá	Miðspá	Háspá	Hlutfalls- mörk 10%	Meðaltal	Hlutfalls- mörk 90%
Mannfjöldi [þúsund]*	355	476	626	351	401	451
Líflengdarlíkur kvenna við fæðingu [ár]**	88,7	88,7	88,7	87,1	88,1	88,9
Líflengdarlíkur karla við fæðingu [ár]**	84,4	84,4	84,4	84,3	85,6	86,6
Hlutfall íbúa sem er eldri en 65 ára [%]*	30,7	25,5	21,6	31,6	29,6	27,9
Börn fædd á hverja konu [meðalfjöldi]**	1,43	1,62	1,81	1,03	1,21	1,45
Flutningsjöfnuður við útlönd [fjöldi]**	44	895	1.941	-2.144	1.130	4.377

* miðað við 1. janúar 2070.

** miðað við árið 2069.


Mynd 5.1(a) sýnir mannfjöldapíramída ársins 2030 fyrir mannfjöldaspá Byggðastofnunar og miðspá Hagstofu Íslands og á mynd 5.1(b) má sjá samanburð fyrir kynjaskiptan mannfjölda eftir árum.

Fram til ársins 2026 gerir miðspá Hagstofa Íslands ráð fyrir stigvaxandi jákvæðum flutningsjöfnuði sem nær hámarki árið 2025 með rúmlega 10.000 fleiri sem flytja til Íslands en frá því. En eftir það er búist við algjörum viðsnúningi og árið 2026 er spáð að flutningsjöfnuðurinn verði neikvæður um tæplega 3.700 og að meðtöldum næstu fimm árum flytji ríflega 11.000 fleiri frá Íslandi en til þess. Frá árinu 2027 er spáð stigvaxandi flutningsjöfnuði út spátímabilið sem verður aftur jákvæður árið 2032 og endar í tæplega 900 fleiri sem muni flytjast til Íslands en frá því árið 2070. Það er líka athyglisvert að samkvæmt miðspánni verði karlmenn í töluverðum meirihluta þeirra sem flytjast til landsins á þessu fimm ára vaxtarskeiði, en þeir eru einnig í greinilegum meirihluta íbúa Íslands í byrjun spátímabilsins 1. janúar 2021. Þessi munur í fjölda kynja mun svo hægt og sígandi dragast saman þegar á líður spátímabilið.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2021. Ljósari línur sýna miðspá Hagstofu Íslands.

(a) Mannfjöldapíramídi árisins 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið. Ljósari línur sýna miðspá Hagstofu Íslands.

(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsár spátímabilsins 2021 og árið 2030


Mynd 5.1 Ísland (1). Samanburður á mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (miðspá) og Byggðastofnunar. Mannfjöldapíramídi fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1971 til 2070. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.

Í mannfjöldaspá Bygðastofnunar er meðaltal flutningsjöfnuðar jákvæður um rúmlega 1.000 eftir árið 2024. Meðaltal flutningsjöfnuðar er hins vegar neikvætt í byrjun spátímabilsins árið 2021 um rúmlega 800 en árið eftir er það strax orðið jákvætt um rúmlega 500. Töluverður munur er á 10% og 90% hlutfallsmörkum búferlaflutninga í mannfjöldaspá Bygðastofnunar. Neðri mörkin eru í rétt ríflega 2000 fleiri sem yfirgefa landið út spátímabilið og efri mörkin gera ráð fyrir að um 4.400 fleiri flytji til landsins árlega en frá því ef undan eru skilin fyrstu tvö til þrjú ár spátímabilsins þar sem þessar tölur eru lægri (sjá t.d. myndir 4.8 og 4.9).

Miðspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir skarpri fólksfjölgun á landinu fram til 2026 sem er drifin af búferlaflutningum eins og lýst var að ofan. Á árinu 2026 fylgir hins vegar dýfa samfara þeim fólksflótta frá landinu sem Hagstofa Íslands gerir ráð fyrir en svo réttist úr kútnum og eftir 2030 fylgir stöðugur vöxtur út spátímabilið. Meðaltal mannfjöldaspár Bygðastofnunar gerir hins vegar ráð fyrir stöðugt minnkandi vexti mannfjöldans út spátímabilið og eftir 2052 fer Íslendingum að fækka eftir að hafa náð hámarki í rúmlega 412 þúsund. Meðaltal mannfjöldaspár Bygðastofnunar er því talsvert lægra en miðspá Hagstofunnar út spátímabilið.

Skýringin á þessum mun í mannfjölda þessara tveggja mannfjöldaspáa er þó aðeins að litlu leyti útskýrð með mismunandi forsendum í búferlaflutningnum og árleg dauðsföll eru mjög svipuð hjá miðspá Hagstofu Íslands og meðaltali Bygðastofnunar eins og sést vel á mynd 5.2(a).

Hins vegar er ekki sömu sögu að segja um fjölda fæðinga sem er töluvert frábrugðinn yfir spátímabilið eins og sést á mynd 5.2(b). Fjöldi árlegra fæðinga hjá miðspá Hagstof-



Mynd 5.2 Árlegar fæðingar og dauðsföll yfir spátímabilið fyrir miðspá Hagstofu Íslands (svartar línur) og meðaltal og 80% spábíl mannfjöldaspár Bygðastofnunar.

unnar er oftast á milli 4.500 til 5.000 út spátímabilið en fyrir meðaltal Bygðastofnunar

fellur hann úr rúmlega 4.200 í byrjun spátímabilsins niður í um 2.500 í lok þess. Það verður að teljast töluverður munur eins og sést einnig glögg í töflu 5.1.

Í byrjun spátímabilsins eru það þó búferlaflutningarnir sem hafa mest áhrif á mismun þessara tveggja mannfjöldaspáa en þegar líða tekur á spátímabilið er það fyrst og fremst frjósemishlutfallið sem skilur á milli.

Hafa ber í huga að aðferðafræði mannfjöldaspár Byggðastofnunar veltur á því að *fram haldi sem horfir*, þ.e. mannfjöldaspáin notar hlutlægar aðferðir sem byggja eingöngu á sögulegum gögnum. Ef það er ekki rétt að fram haldi sem horfir m.t.t. dánar- og frjósemishlutfalla ásamt búferlaflutningum, verður að taka mannfjöldaspá Byggðastofnunar með fyrirvara.

Þó að samanburður mannfjöldaspár Hagstofu Íslands og Byggðastofnunar sé mjög athyglisverður og dragi m.a. fram hvernig ólíkar niðurstöður er hægt að fá þegar forsendur og aðferðafræði er frábrugðin, hefur það aðeins óbeint áhrif á niðurstöðurnar eins og þær er settar fram hér því mannfjöldaspá Byggðastofnunar er einungis notuð til að skipta miðspá Hagstofu Íslands niður á minni svæði.

6 Niðurstöður

Byggðastofnun hefur þróað mannfjöldalíkan á sveitarfélagagrunni fyrir Ísland. Þetta mannfjöldalíkan er slembilíkan og dregur saman spár um frjósemi, dánartíðni og heildar búferlaflutninga innan- og utanlands fyrir hvort kyn og hvern aldur frá 0 og upp í 100⁺ ára og reiknar út 10.000 mögulega mannfjöldapróunarferla yfir spátímabilið frá 1. janúar 2021 til 2070. Öll inntaksgögn er fengin frá Hagstofu Íslands. Reiknuð eru út meðaltöl ásamt 10% og 90% hlutfallsmörkum fyrir úttaksgögn sem eru *mannfjöldi* og undirþættir hans, *fæðingar*, *dauðsföll*, *búferlaflutningar innanlands* og *búferlaflutningar utanlands*.

Spásvæði mannfjöldaspár Byggðastofnunar eru 129, öll sveitarfélögin 69 ásamt 60 öðrum svæðum sem skiptast í sex mismunandi svæðaskipanir. Mannfjöldaspá Byggðastofnunar er svo notuð til að skipta miðspá mannfjöldaspár Hagstofu Íslands 2021-2070 niður á spásvæðin og er það opinber lokaafurð mannfjöldaspár Byggðastofnunar 2021-2070.

Mannfjöldaspá Byggðastofnunar byggir á aðferðum sem eru hlutlægar og það er engin mannleg ákvörðun tekin til að breyta eða aðlaga niðurstöður mannfjöldaspárinnar að því sem sérfræðingar kunni að telja vera eðlilegri. Framtíðin er því eingöngu látin ráðast af reynslu fortíðar í gegnum inntaksgögn með því að beita hlutlægum tölfræðilegum aðferðum og undirliggjandi forsenda er því að „*fram haldi sem horfir*“.

Þetta er í þriðja sinn sem Byggðastofnun hefur gert svæðisbundnar mannfjöldaspár á sveitarfélagagrunni með þessum hætti. Reynslan hefur sýnt að samanburður við raungildi 1 til 2 ár fram í tímann gefur oft umtalsverða hlutfallslega skekkju fyrir minni svæði, t.d. sveitarfélög með færri en 300 íbúa, og hefur líkanið tilhneigingu til að ofmeta fólksfjölda slíkra svæða.

Einnig skal hafa í huga að breytingar vegna utanaðkomandi áhrifa, s.s. stjórnvaldsákværdana, samgöngubóta, náttúruhamfara o.s.frv. geta breytt forsendum mannfjöldapróunar og veikt tengsl sögulegrar þróunar við framtíðarhorfur. Mannfjöldalíkan Byggðastofnunar tekur sannarlega ekki tillit til slíkra þátta.

Samanburður mannfjöldalíkans Byggðastofnunar fyrir allt Ísland við miðspá Hagstofu Íslands gefur til kynna töluverðan mun. Miðspá Hagstofunnar spáir stöðugum vexti út spátímabilið en samkvæmt mannfjöldalíkani Byggðastofnunar hægir stöðugt á vextinum sem leiðir til fólksfækkunar á seinni hluta spátímabilsins. Þessi munur skýrist fyrst og fremst af mjög ólíkum forsendum um frjósemishlutfall sem er mun lægra fyrir mannfjöldalíkan Byggðastofnunar. Þetta hefur þó bara óbein áhrif á lokaniðurstöðurnar eins og þær er settar fram hér því mannfjöldalíkan Byggðastofnunar er einungis notað til að skipta miðspá Hagstofu Íslands niður á minni spásvæði.

Búferlaflutningar eru stór óvissuþáttur í mannfjöldaspá Byggðastofnunar en breytileiki þeirra á Íslandi er mikill frá ári til árs þar sem ólíkir þættir eins og t.d. aldur, atvinnutækifæri, menntunarstig og umhverfi eru áhrifavaldar Stefánsson et al. (2021a,b).

Niðurstöður mannfjöldaspár Byggðastofnunar fyrir sveitarfélög og önnur spásvæði, sem hér eru settar fram og hægt að skoða myndrænt í viðaukum C til N, gefa til kynna að fólki heldur áfram að fjölga á höfuðborgarsvæðinu með stöðugri fækkun víða á landsbyggðunum. Hafa ber í huga að óvissa þessarar mannfjöldaspár er töluverð og þó að hún geti gefið þokkalega mynd af mannfjöldapróun til skemmri tíma, t.d. 15 ára, verður að taka niðurstöðum til lengri tíma með fyrirvara.

Heimildir

Calian, V. & Harðarson, Ó. (2018), 'Mannfjöldaspá 2018–2067 (e. Population projections 2018–2067)', *Hagtíðindi (e. Statistical Series)* **103**(24), 1–17.

URL: <http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2018/30c12065-0604-4445-b4a9-81380cee6e0d.pdf>

Hagstofa Íslands – Félagsmálasvið - Atvinna, lífskjör og mannfjöldi (2021), *Talnaefni – Íbúar*, Hagstofa Íslands, Reykjavík Iceland. Sótt 2021-11-01.

URL: <http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/>

Hagstofa Íslands – Félagsmálasvið - Mannfjöldaspá (2021), *Íbúar – Mannfjöldaspá*, Hagstofa Íslands, Reykjavík Iceland.

URL: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldaspa-2021/>

Hreinsson, E. Ö. (2018), Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2018–2066 — niðurbrot mannfjöldaspár Hagstofunnar á sveitarfélög, Technical report, Byggðastofnun (e. Icelandic Regional Development Institute).

URL: <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldaspa/mannfjoldaspabyggdastofnunar.pdf>

Hreinsson, E. Ö. (2019), Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2020–2067 — niðurbrot mannfjöldaspár Hagstofunnar á sveitarfélög, Technical report, Byggðastofnun (e. Icelandic Regional Development Institute).

URL: https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldaspa/mannfjoldaspabyggdastofnunar_2019.pdf

Hyndman, R. J. & Booth, H. (2008), 'Stochastic population forecasts using functional data models for mortality, fertility and migration', *International Journal of Forecasting* **24**(3), 323–342.

URL: <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0169207008000319>

Hyndman, R. J., Booth, H. & Yasmeen, F. (2013), 'Coherent Mortality Forecasting: The Product-Ratio Method With Functional Time Series Models', *Demography* **50**(1), 261–283.

URL: <https://doi.org/10.1007/s13524-012-0145-5>

Hyndman, R. J. & Ullah, M. S. (2007), 'Robust forecasting of mortality and fertility rates: A functional data approach', *Computational Statistics & Data Analysis* **51**(10), 4942–4956.

URL: <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0167947306002453>

McNeil, D. R., Trulless, T. J. & Turner, J. C. (1977), 'Spline interpolation of demographic data', *Demography* **14**(2), 245–252.

URL: <https://doi.org/10.2307/2060581>

Stefánsson, Þ., Jóhannsdóttir, A. D., Þórðardóttir, S. E. & Bjarnason, Þ. (2021a), Byggðafesta og búferlaflutningar – stærri bæir á Íslandi haustið 2020, Technical report, Byggðastofnun (e. Icelandic Regional Development Institute).

URL: https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/byggdafesta/byggdafesta-staerri_baer.pdf

Stefánsson, Þ., Jóhannsdóttir, A. D., Þórðardóttir, S. E. & Bjarnason, Þ. (2021b), Byggðafesta og búferlaflutningar – sveitir og annað strjálbýli á Íslandi vorið 2020, Technical report, Byggðastofnun (e. Icelandic Regional Development Institute).

URL: https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/byggdafesta/byggdafesta-sveitir_og_strjalbyli.pdf

Wilmoth, J. R., Andreev, K., Jdanov, D., Gleijeses, D. A., Boe, C., Bubenheim, M., Philipov, D., Shkolnikov, V. & Vachon, P. (2007), *Methods Protocol for the Human Mortality Database*, version 5 edn, University of California at Berkeley and the Max Planck Institute for Demographic Research, Rostock. 1 June 2017, Date last accessed.

URL: <http://www.mortality.org/Public/Docs/MethodsProtocol.pdf>

A Skölun mannfjöldaspár

Mannfjöldaspá Bygðastofnunar fyrir minni svæði er sköluð við miðspá Hagstofu Íslands fyrir allt Ísland til að tryggja samræmi á milli þeirra, þ.e. að tryggja að summa mannfjölda smærri svæða stemmi við spá Hagstofu Íslands fyrir allt Ísland. Skölurnar aðferðinni verður nú lýst nánar.

Látum $D^\kappa = \{d_1, d_2, \dots, d_\kappa\}$ standa fyrir uppskiptingu Íslands í κ svæði og $P_t^{d_i}(x)$ vera mannfjölda samkvæmt spá Bygðastofnunar fyrir ár t og aldur x á svæði $d_i \in D^\kappa$ innan uppskiptingarinnar D^κ þar sem i getur tekið gildin $1, 2, \dots, \kappa$. Þá er skalaður mannfjöldi gefinn með

$$\tilde{P}_t^{d_i}(x) = P_t^H(x) \cdot \frac{P_t^{d_i}(x)}{\sum_{\sigma \in D^\kappa} P_t^\sigma(x)} \quad \text{fyrir öll svæði } d_i \in D^\kappa$$

þar sem $P_t^H(x)$ er mannfjöldi fyrir allt Ísland samkvæmt miðspá Hagstofu Íslands.

B Skölun búferlafutninga

Eðlilegt er að krefjast þess að samræmi sé í búferlafutningum milli mismunandi svæða-uppskiptingar, eins og vikið var að í kafla 2 og 4. Með samræmi er hér átt við að búferlafutningar ákveðins svæðis eigi að vera óháðir svæðauppskiptingu, þ.e. sami flutningsjöfnuður (e. *net migration*) á að fylgja ákveðnu svæði hvernig sem því er skipt upp í smærri svæði. Til dæmis á flutningsjöfnuður fyrir landshlutann Suðurland að vera sá sami og samanlagður flutningsjöfnuður allra sveitarfélaga eða hagsvæða innan þess landshluta.

Vegna þess að samræmi milli mismunandi svæðauppskiptingar er ekki tryggt með þeim aðferðum sem hér eru notaðar við útreikning spágilda fyrir búferlafutninga var nauðsynlegt að leiðrétta fyrir þessu misræmi. Aðferðinni sem hér er notuð til að tryggja þetta samræmi verður nú nánar lýst.

Notum svipað ritunarkerfi og að ofan og látum $D^\kappa = \{d_1, d_2, \dots, d_\kappa\}$ standa fyrir uppskiptingu Íslands í κ svæði, þar sem κ getur getið gildin $\nu_0 = 1$, $\nu_1 = 2$, $\nu_2 = 8$, $\nu_3 = 27$ eða $\nu_4 = 69$ í samræmi við fjölda svæða í uppskiptingunni. Þessi svæði eru, í sömu röð, *Ísland allt*, *meginsvæði*, *landshlutar*, *hagsvæði* og loks *sveitarfélög* eins og lýst er í kafla 2.

Látum $M_{l,t}^{d_i}(x)$ vera flutningsjöfnuð samkvæmt spá Bygðastofnunar fyrir slembiúrtak l , ár t og aldur x á svæði $d_i \in D^{\nu_k}$ innan uppskiptingarinnar D^{ν_k} þar sem k getur tekið gildin $0, 1, 2, 3$ eða 4 og i getur tekið gildin frá 1 upp í ν_k . Leiðrétting flutningsjöfnuðar hvers svæðis er höfð í hlutfalli við staðalfrávik $N = 10.000$ slembiúrtaka þess fyrir ár t og aldur x ,

$$S_t^{d_i}(x) = \sqrt{\frac{\sum_{l=1}^N \left(M_{l,t}^{d_i}(x) - \bar{M}_t^{d_i}(x) \right)^2}{N - 1}},$$

þar sem $\bar{M}_t^{d_i}(x) = \frac{1}{N} \sum_{l=1}^N M_{l,t}^{d_i}(x)$ er meðaltal flutningsjöfnuðar yfir slembiúrtökin. Leiðrétt gildi flutningsjöfnuðar – fyrir öll $d_i \in D^{\nu_k}$ með $d_j \in D^{\nu_{k-1}}$ þannig að d_i sé innan d_j – er því gefið með

$$\begin{aligned} \widetilde{M}_t^{d_i}(x) &= M_t^{d_i}(x) + \left(\widetilde{M}_t^{d_j}(x) - \sum_{\substack{\sigma \in D^{\nu_k} \\ \sigma \text{ innan } d_j}} M_t^\sigma(x) \right) \cdot K_t^{d_i}(x) \\ &= M_t^{d_i}(x) + \left(\widetilde{M}_t^{d_j}(x) - \sum_{\substack{\sigma \in D^{\nu_k} \\ \sigma \text{ innan } d_j}} M_t^\sigma(x) \right) \cdot \left(\frac{|M_t^{d_i}(x)| \cdot S_t^{d_i}(x)}{\sum_{\substack{\sigma \in D^{\nu_k} \\ \sigma \text{ innan } d_j}} |M_t^\sigma(x)| \cdot S_t^\sigma(x)} \right) \end{aligned}$$

þar sem k tekur fyrst gildið 1, svo 2, svo 3 og loks 4. Athugið að $\widetilde{M}_t^{d_i \in D^{\nu_0}}(x) \equiv M_t^{d_i \in D^{\nu_0}}(x)$ með $i \in \{\nu_0\}$.